# Lyfjaeftirlit Íslands ses.

## Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.......... 2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings.......... 3
Rekstrarreikningur.......... 4
Efnahagsreikningur.......... 5
Sjóðstreymi.......... 6
Skýringar .......... 7 - 8

**Lyfjaeftirlit Íslands ses.**
Kt. 580618-1110
Engjavegi 6, 104 Reykjavík

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Tilgangur
Lyfjaeftirlit Íslands ses. er sjálfseignarstofnun og annast lyfjaeftirlit í íþróttum á Íslandi.

## Rekstur ársins 2018
Stofnunin hóf starfsemi í júní 2018.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2018 námu tekjur stofnunarinnar 13.088.327 kr. og hagnaður ársins 741.717 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2018 námu eignir stofnunarinnar 3.086.714 kr., skuldir 1.144.997 kr. og eigið fé 1.941.717 kr.

Samtals voru 17 starfsmenn á launaskrá stofnunarinnar á árinu 2018, flestir í hlutastarfi.

## Ráðstöfun afkomu
Hagnaður ársins er færður til hækkunar á eigin fé.

## Yfirlýsing
Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag fjallað um ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2019

Skúli Skúlason
stjórnarformaður

Áslaug Sigurjónsdóttir
meðstjórnandi

Erna Sigríður Sigurðardóttir
meðstjórnandi

Helgi Freyr Kristinsson
meðstjórnandi

Birgir Sverrisson
framkvæmdastjóri

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

**Til stjórnar Lyfjaeftirlits Íslands ses.**

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Lyfjaeftirlits Íslands ses. fyrir árið 2018 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur stofnunarinnar hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða stofnunina við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavik, 20. ágúst 2019

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2018

| | Skýr. | 2018 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Framlög | 3 | 12.383.178 |
| Tekjur vegna lyfjaprófana | | 705.149 |
| | | 13.088.327 |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | (5.884.389) |
| Kostnaður vegna lyfjaprófa | | (2.794.302) |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | (3.663.605) |
| | | (12.342.296) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 746.031 |
| Fjármunatekjur | | 685 |
| Fjármagnsgjöld og gengismunur | 6 | (4.999) |
| **Hagnaður ársins** | | 741.717 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr. | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| | | |
| **Veltufjármunir** | | |
| Viðskiptakröfur | | 264.513 |
| Handbært fé | | 2.822.201 |
| **Eignir samtals** | | 3.086.714 |

| | Skýr. | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | |
| | | |
| **Eigið fé** | | |
| Stofnfé | | 1.200.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 741.717 |
| | 7 | 1.941.717 |
| | | |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir | | 667.004 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8 | 477.993 |
| | | 1.144.997 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.086.714 |

# Sjóðstreymi ársins 2018

| | Skýr. | 2018 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður ársins | | 741.717 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 4.314 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 746.031 |
| Rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (264.513) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 1.144.997 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta** | | 1.626.515 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 685 |
| Greidd vaxtagjöld | | (403) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.626.797 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Innborgað stofnfé | 7 | 1.200.000 |
| Breyting handbærs fjár | | 2.826.797 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | |
| Gengismunur handbærs fjár í erlendri mynt | | (4.596) |
| Handbært fé í árslok | | 2.822.201 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Lyfjaeftirlit Íslands ses. er sjálfseignastofnun (ses) með skipulagsskrá. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Skipulagsskrá stofnunarinnar er nr. 477 og var hún staðfest af sýslumanni Norðurlands vestra þann 25. apríl 2018. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

Hlutverk stofnunarinnar er að sinna lyfjaeftirliti í íþróttum á Íslandi, í samræmi við alþjóðasamninga UNESCO og Evrópuráðsins um lyfjaeftirlit og lyfjareglur Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar, World Anti Doping Agency.

Stofnunin er til heimilis að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

## 2. Yfirlit um reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Rekstrartekjur

Framlög eru tekjufærð þegar þau hafa verið greidd. Tekjur vegna lyfjaprófana eru færðar þegar lyfjaprófið hefur verið unnið af hendi.

### Rekstrargjöld

Rekstrargjöld eru færð þegar þau eru innt af hendi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði. Þær hafa ekki verið færðar niður með varúðarniðurfærslu, þar sem talið er að þær muni innheimtast að fullu.

### Stofnfé

Eitt helsta einkenni sjálfseignarstofnana er að stofnfé þarf að hafa verið afhent af stofnendum til sjálfseignarstofnunar með óafturkræfum hætti. Það felur í sér að eignir sjálfseignarstofnana geta ekki runnið aftur til stofnenda við niðurlagningu þeirra.

### Tekjuskattur

Stofnunin fellur undir 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og er því undanþegin greiðslu tekjuskatts.

### Aðrir skattar

Stofnunin fær ekki endurgreiddan afdreginn fjármagnstekjuskatt og þarf ekki að greiða útvarpsgjald.

## 3. Framlög

Framlög greinast þannig:

| | 2018 |
|---|---|
| Framlag frá ríkissjóði | 7.753.333 |
| Framlag frá ÍSÍ | 4.629.845 |
| | 12.383.178 |

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2018 |
|---|---|
| Laun | 4.791.063 |
| Launatengd gjöld | 1.093.326 |
| | 5.884.389 |

# Skýringar

## 5. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2018 |
|---|---|
| Starfsmannakostnaður | 417.320 |
| Fundakostnaður innanlands | 31.350 |
| Fundakostnaður erlendis | 780.488 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 1.878.352 |
| Skrifstofukostnaður | 163.389 |
| Annar kostnaður | 392.706 |
| | 3.663.605 |

## 6. Fjármagnsgjöld og gengismunur

Fjármagnsgjöld og gengismunur greinast þannig:

| | 2018 |
|---|---|
| Fjármagnsgjöld | 403 |
| Gengistap | 4.596 |
| | 4.999 |

## 7. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnfé frá Íþrótta og Ólympíusambandi Íslands | 600.000 | | 600.000 |
| Stofnfé frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 600.000 | | 600.000 |
| Hagnaður ársins | | 741.717 | 741.717 |
| | 1.200.000 | 741.717 | 1.941.717 |

## 8. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.12.2018 |
|---|---|
| Ógreidd launatengd gjöld | 477.993 |